

Nefndanefnd Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. P 130/991  
komudagur 18.2.2004



Reykjavík, 17. febrúar 2004

**Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 63/1969 um verslun með áfengi og tóbak, með síðari breytingum, mál. nr. 342**

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er verið að samræma íslenska löggjöf tilskipunum EES-samningsins, en frá 1. janúar 2002 var vörusviði samningsins breytt þannig að nú fellur tóbak undir almennar reglur EES-samningsins um frjálst flæði vara. Í greinargerðinni kemur enn fremur fram að Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hafi „gert athugasemdir við einkarétt ríkisins á innflutningi og framleiðslu á tóbaki.“

BSRB telur fráleitt að líta á tóbak sem hverja aðra verslunarvöru í ljósi þess hve mikill skaðvaldur tóbak er fyrir einstaklinginn og samfélagið.

Í ljósi þess að þetta frumvarp losar um það fyrirkomulag sem hér er á verslun með tóbak og opnar leið til frekari markaðsvæðingar þessarar vöru og þar með aukins þrýstings á neyslu tóbaks, lýsir BSRB fyrirvara gagnvart þessum lagabreytingum. Þá vekur BSRB athygli á að opnað er á heimildir til að framleiða tóbak hér á landi en hingað til hefur þessi réttur verið takmarkaður við ÁTVR. Ekki verður séð að þetta horfi til framfara.

f.h. BSRB

*Svanhildur Halldórsdóttir*  
Svanhildur Halldórsdóttir